

Nd.

445. Frumvarp til laga

[267. mál]

um breyting á lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Palmason.

1. gr.

A-liður 4. tl. 39. gr. laganna orðist svo:

Miðað sé við opinbera skráða vísitölu, svonefnda lánskjaravísitölu, eins og hún er skráð á hverjum tíma.

2. gr.

Við 4. tl. 39. gr. bætist nýr liður, merktur c, sem hljóðar svo:

Nú reynist á einhverjum gjalddaga samanlögð upphæð afborgunar, verðtryggingarþátta og vaxta, hér eftir nefnd gjalddagaupphæð, á verðtryggðu láni til einstaklings skv. lögum þessum hafa hækkað meira hlutfallslega en kaupgreiðsluvísitala skv. 4. mgr. á tímabilinu frá því að lánveiting átti sér stað, og skal þá einungis sá hluti ofangreindrar gjalddagaupphæðar, sem samsvarar hækkun kaupgreiðsluvísitölu skv. 4. mgr., teljast gjaldfallinn.

Sú lækkun gjaldfallinnar upphæðar, sem af ákvæði 1. mgr. leiðir, myndar sérstakan viðauka höfuðstóls, sem verðtryggist með sama hætti og hið upphaflega lán og lýtur sömu vaxtakjörum, en byrjar að gjaldfalla þá fyrst er upphaflegum lánstíma lýkur og þá með sömu gjalddögum og hið upphaflega lán.

Lánstími höfuðstólsviðauka skal við það miðaður að raungildi hvernar greiðslu verði eigi hærra en raungildi síðustu greiðslu vaxta, verðtryggingar og afborgunar af upphaflegum höfuðstól lánsins.

Kaupgreiðsluvísitala sú, er miðað skal við skv. ákvæði 1. mgr., skal leidd af taxta verkamanna í fiskvinnslu, efsta starfsaldursþrepi, og tekur sömu breytingum og viðmiðunar-taxti atvinnuleysisbóta, sbr. 23. gr. laga nr. 64/1981.

Endurskoða skal þennan viðmiðunargrunn reglulega.

3. gr.

2. málsg. 39. gr. orðist svo:

Seðlabankinn skal birta lánskjaravísitölu, sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, ásamt vaxtakjörum. Seðlabankinn skal einnig birta kaupgreiðsluvísitölu skv. 4. mgr. 2. gr. þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðtryggð lán til eins árs eða lengur, sem tekin hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, skulu háð sömu ákvæðum og um getur í 2. gr. þessara laga frá og með næsta gjalddaga eftir gildistöku.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að fyrirbyggja að versnandi lífskjör auki greiðslubyrði verðtryggðra lána langt umfram eðlilega greiðslugetu fólks, m. ö. o. að tillit sé tekið til þess við útreikning verðtryggðra lána ef lífskjör fara versnandi og verðmæti vinnulauna fylgja ekki verðgildi annarra verðmæta í þjóðfélaginu.

Hugmyndin er sú að fresta greiðslu á þeim hluta verðtryggingar sem er umfram almennar launahækkanir í landinu. Þetta verði gert með lengingu lánstímans þannig að hækkun árlegrar greiðslubyrði sé ekki meiri en sem nemur hækkun almennra launa á sama tímabili.

Frumvarp þetta var flutt árið 1982 á 105. löggjafarþingi, en náði þá ekki fram að ganga.

Frumvarpið er nú lagt fram óbreytt, en tölum í greinargerð breytt til samræmis við þróun kaupgjalds og lánskjaravísitölu, svo og greiðslubyrði lána fram til 1. janúar 1985.

Auk þess er sýnd spá um þróun lánskjaravísitölu og kaupgjaldsvísitölu til ársloka 1985 og hvernig ætla má að greiðslubyrði lána þróist fram til næstu áramóta.

Verðtrygging lána.

Með lögum nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála, voru gerðar gagngerðar breytingar á lánsfjármarkaði hér á landi. Ástæða þessarar lagasetningar voru, eins og margir muna, verulegur lánsfjárskortur vegna neikvæðra vaxta, rýrnun sparifjár landsmanna, verðbólguþras og óarðbærar fjárfestingar í steinsteypu og fleira með válegum fyrirboðum fyrir þjóðarþúið ef fram héldi sem horfði um lengri tíma.

Með tilkomu verðtryggingarákvæða þeirra laga voru fyrirsjáanlegir ýmsir aðlögunar-erfiðleikar fyrir almenning á lánsfjármarkaði, þ. á m. gerbreyttur hugsunarháttur gagnvart skuldaförnun. Þetta þýddi það að ekki var lengur hægt að treysta á hjálp verðbólgunnar til að eyða skuldunum.

Þrátt fyrir þetta dró lítið úr eftirspurn eftir lánsfé, nema þá helst fyrst í stað. Skýringin á þessu var m. a. sú að í kjölfar verðtryggingarákvæðanna jókst verulega framboð á lánsfé og lánastofnanir kynntu verðtryggðu lánin með lægri afborgunarkjörum og vaxtagreiðslu fyrstu árin heldur en gildi um gömlu lánin.

Samkvæmt lögnum átti samhliða verðtryggingu almennt að lengja lánstímann til að mæta greiðslubyrði sem leiddi af verðtryggingunni. Þetta ákvæði hafa stjórnvöld að verulegu leyti heykst á að framkvæma þótt einstakir lífeyrissjóðir hafi lengt lánstímann eitthvað.

Í því óðaverðbólguástandi, sem ríkt hefur hér um árabíl, hefur það sýnt sig að ógerningur er að gera langtímaáætlanir um fjárskuldbindingar. Sá sem tekur verðtryggt lán til langs tíma veit í raun mjög lítið um hvaða skuldbindingar hann er að leggja á sínar herðar, nema honum séu tryggð jafnverðmæt laun á lánstímanum því að þá verður lánið ávallt sama hlutfall af árstekjum hans.

Á sama hátt og það er sjálfsagt réttlætismál að menn endurgreiði jafnmikil verðmæti og þeir fá að láni, ásamt sanngjarnri þóknun, þá er líka sanngirniskrafa að þjóðfélagið stuðli að því að slíkt sé mögulegt, þ. e. a. s. að lífskjörin haldist jafngóð eða betri út lánstímabilið eins og þegar lánið er tekið. Ef lífskjör fara versnandi í þjóðfélaginu um lengri eða skemmri tíma, þá er sanngjarnt að skuldabyrði almennings sé dreift á lengri tímabil fremur en hætta á greiðsluþrot fólks með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir margar fjölskyldur í landinu.

Almennt hafa launþegar ekki önnur úrræði til að standa undir fjárskuldbindingum sínum en verðmæti vinnu sinnar. Ef verðmæti vinnunnar minnkar í hlutfalli við önnur verðmæti, t. d. verðgildi peninga, fasteigna eða vöruverðs, þá minnkar kaupgeta og greiðslugeta almennra launþega með þeim afleiðingum að meiri vinnu þarf að leggja fram til að standa undir greiðslubyrði húsnæðislána, lífeyrissjóðslána og bankalána, samfara öðru brauðstriti.

Það er alveg ljóst að almennt hefur fólk ekki gert sér nægilega góða grein fyrir áhrifum verðtryggingarfjárskuldbindinga. Margir hafa því teft á tæpasta vað með fjármögnun íbúðarhúsnæðis. Þá er að koma í ljós í ýmsum atvinnurekstri að margir hafa reist sér hurðarás um öxl í fjárfestingu og lánum. Nægir þar að benda á útgerðina, en ekki er óalgengt að skuldabyrði sé létt af útgerðarfyrirtækjum með lengingu lána, — og þeim reyndar sumum á niðurgreiddum kjörum. Sama gildir um heimilin í landinu, þau standa ekki undir skuldabyrði sinni fremur en atvinnufyrirtækin við langvarandi kjararýrnun.

Misvægi lánskjara og launa.

Í 39. gr. laga nr. 13/1979 eru talin upp nokkur skilyrði verðtryggingar, en að öðru leyti er Seðlabankanum falið að ákveða lánskjör verðtryggðra lána, þar með talið að ákveða vísitölu eða vísitölur þær sem nota skal til viðmiðunar. Gerð var ný vísitala, lánskjaravísitala, sem samsett er úr tveim eldri vísitölum, vísitölu framfærslukostnaðar að $\frac{2}{3}$ hlutum og vísitölu byggingarkostnaðar að $\frac{1}{3}$ hluta. En jafnframt heimilar Seðlabankinn notkun byggingarvísitölu sem grundvöll verðtryggingar. Fram til ársins 1982 virðast lánskjaravísitala og byggingarvísitala hafa verið notaðar jöfnum höndum af lánastofnunum. En eftir mitt ár 1982 er algengasta vísitöluviðmiðunin lánskjaravísitala.

Ljóst er að laun hafa á undanförunum árum hækkað verulega minna en lánskjara- og byggingarvísitölur. Ef sérstaklega er skoðað það tímabil, sem liðið er frá útreikningi lánskjaravísitölu, þ. e. a. s. frá 1. júní 1979 til 1. janúar 1985, kemur í ljós að byggingarvísitala hefur hækkað um 820%, lánskjaravísitala um 906%, en kauptaxtar verkamanna, verkakvenna, iðnaðarmanna, versluarmanna, landverkafólks og opinberra starfsmanna hafa hækkað um 606%.

Samanburður á lánskjaravísitölu, byggingarvísitölu og meðaltalsvísitölu launa:

Tímabilið 1. júní 1979 til 1. janúar 1985.

Byggingarvísitala	820%
Lánskjaravísitala	906%
Meðaltalsvísitala launa	606%

Mismunur byggingarvísitölu og meðaltalsvísitölu launa:

Byggingarvísitala	820%
Meðaltalsvísitala launa	606%
Mismunur	214%

Mismunur lánskjaravísitölu og meðaltalsvísitölu launa:

Lánskjaravísitala	906%
Meðaltalsvísitala launa	606%
Mismunur	300%

Greiðslubyrði tengd lánskjaravísitölu hefur því aukist um 42,5% miðað við meðallaun frá útreikningi lánskjaravísitölu 1. júní 1979 til 1. janúar 1985. Miðað við byggingarvísitölu hefur greiðslubyrðin aukist um 30,3%.

Þessi munur er geigvænlegur og má rökstyðja það með margvíslegum dæmum.

Dæmi um ung hjón.

Flestir einstaklingar ráðast í meiri háttar fjárskuldbindingar við öflun eigin húsnæðis. Því er fróðlegt að skoða dæmi um ung hjón sem keyptu sér tveggja herbergja íbúð 1. júní

1979. Íbúðarverðið var 180 þús. kr. og sjálf áttu þau þriðjung kaupverðs, þ. e. 60 þús. kr., sem jafngilti þá rúmlega 2½ árslaunum samkv. 8. launaflokki Verkamannasambands Íslands, en mánaðarlaun voru þá 1955 kr. samkvæmt þessum launaflokki. Afganginn, 120 þús. kr., urðu þau að taka að láni. Gert er ráð fyrir að þessi lán séu verðtryggð með lánskjaravísitölu til 20 ára og beri breytilega vexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka. (Í fskj. I er sýnd þróun vaxta á þessu tímabili.)

Niðurstaðan í þessu dæmi er eftirfarandi:

1. júní 1979 er 120 þús. kr. lánið **jafngilt 61,38 mánaðarlaunum** samkv. 8. launaflokki Verkamannasambands Íslands eða 3,06 mánaðarlaunum á ári. Með vöxtum er þetta 4,3 mánaðarlaun fyrsta árið. Á **gjaldþaga 1984 skulda þau enn þá 796 500 kr. eftir greiðslu, sem eru uppfærðar eftirstöðvar lánsins með lánskjaravísitölu og er það ígildi 63,6 mánaðarlauna.** Af þessu má sjá að ungu hjónin skulda á 5. gjaldþaga, eða 5 árum eftir töku lánsins, meira að raungildi en þegar lánið er tekið. Greiðslubyrði árið 1984 samsvarar **6,6 mánaðarlaunum** og ef gert er ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram á þessu ári **mun greiðslubyrði þeirra á árinu 1985 samsvara 8,6 mánaðarlaunum (sjá fskj. II).**

Áhrif þessa frumvarps.

En hvaða áhrif hafa ákvæði frumvarpsins?

Eins og sést í fskj. II með frumvarpinu er uppsafnað og uppfært viðaukalan komið í 71 832 kr. á gjaldþaga 1984 og verður í 156 738 kr. eftir greiðslu 1985 ef að líkum lætur. Hér er um talsverða fjárhæð að ræða. Hún jafngildir 5,7 mánaðarlaunum árið 1984 eða ríflega gjaldþagafjárhæðinni það árið (4,3 mánaðarlaun). Eftir gjaldþaga 1985 jafngildir viðaukalaníð 10,5 mánaðarlaunum eða ríflega tvöfaldri gjaldþagafjárhæðinni.

Þegar reynt er að meta áhrif þessa frumvarps á helstu lánastofnanir og getu þeirra til að standa undir lengingu lána sem af því gæti leitt ber að hafa það sérstaklega í huga að á engan hátt er um tekjutap að ræða hjá lánastofnunum því að viðauki höfuðstóls er verðtryggður samkvæmt lánskjaravísitölu allan lánstímann. Almennt verður að gera ráð fyrir að lífskjör fari batnandi, a. m. k. þegar til lengri tíma er litið, og áhrifa þessa frumvarps gætir því ekki nema tímabundið. Hvað lífeyrissjóðina snertir þá eru innlánsskuldbindingar þeirra í raun verðtryggðar skv. kaupgreiðsluvísitölu og því ætti frumvarpið ekki að hafa nein áhrif á greiðslugetu þeirra við útborgun lífeyrisgreiðslna.

Fjáröflun Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna er með svo margvíslegum hætti að erfitt er að gera sér glögga grein fyrir áhrifum þessara breytinga á útlánagetu þeirra. Andstætt byggingarsjóðunum lána bankarnir einstaklingum aðallega skammtímalán. Greiðslutilfærslan er því miklu styttri hjá bönkunum og ætti því að skipta litlu máli þar sem ekki er um neitt tekjutap að ræða. Þá má benda á að innlánsskuldbindingar bankanna eru ekki nærri allar verðtryggðar, heldur ráða bankarnir yfir verulegu fé sem er ekki verðtryggt. Nægir þar að nefna ávísana- og hlaupareikningsviðskipti.

Að öllu samanlögðu verður því ekki séð að ákvæði þessa frumvarps muni kollvarpa útlánagetu lánastofnana eða skerða möguleika bankanna til fullverðtryggðra innlána.

Ólíklegt verður að telja að það misgengi, sem verið hefur á kaupgjaldsvísitölu annars vegar og lánskjaravísitölu og byggingarvísitölu hins vegar, haldist um langan tíma þó að vissulega séu frá því undantekningar eins og reynsla liðinna ára sýnir ótvírætt.

Það mikilvægasta við ákvæði þessa frumvarps er að þeir, sem tekið hafa á sig fjárhagslegar skuldbindingar, geta treyst því að hækkun árlegrar greiðslubyrði lána á hverjum tíma verði ekki meiri en sem nemur hækkun almennra launa. — Það veitir lántakendum það öryggi að geta gert fjárhagsáætlanir um skuldbindingar sínar fram í tímann sem hægt er að byggja á.

Sú breyting, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er því mjög mikilvæg fyrir lántakendur

þegar kjaraskerðingar skella á fyrirvaralaust í stuttan tíma, — en þýðir þó að öllum líkindum í reynd óverulega lengingu lánstímans.

Ljóst er einnig að ákvæði frumvarpsins geta skipt sköpum að því er greiðslubyrði lántakenda varðar, og er sú þróun, sem varð eftir að verðbætur á laun voru afnumdar í maí 1983, þar órækast vitni, eins og sjá má af eftirfarandi dæmi:

1. mars 1983, en það er síðasti útreikningur verðbóta á laun, er greiðslubyrðis-vísitala miðað við fiskvinnutaxta (sjá fskj. III) 109,8 en 1. janúar 1985 er hún komin í 139. — **Af þessu má ráða að greiðslubyrði vegna afborgana lána hefur þyngst um 28% á tímabilinu frá mars 1983 til janúar 1985 — umfram almennar launahækkunarir.** Að auki hafa vextir hækkað verulega sem enn hefur aukið á þessa óhagstæðu þróun.

Ef reynt er að gera sér grein fyrir þróuninni frá upphafi til loka árs 1985 miðað við spá (sjá fskj. III) um þróun lánskjaravísitölu og þróun kaupstaxtavísitölu (Vísitölu meðaltalstaxta launþega, þ. e. verkamanna, verkakvænna, iðnaðarmanna, verslunar- og skrifstofufólks, ASÍ-landverkafólks og opinberra starfsmanna) kemur eftirfarandi í ljós:

Lánskjaravísitalan hækkar frá upphafi til loka árs um 25%.

Kaupstaxtar hækka frá upphafi til loka árs um 7,4%.

Þetta þýðir að greiðslubyrði miðuð við laun mun þyngjast um 17%.

Kaupgreiðsluvísitalan.

Kaupgreiðsluvísitala sú sem valin hefur verið til viðmiðunar í frumvarpinu er leidd af taxta verkamanna í fiskvinnu, efsta starfsaldursþrepi, sem nú er 8. launaflokkur Verkamannasambands Íslands. Ástæður fyrir þessu eru þrjár.

Í fyrsta lagi er þessi viðmiðun notuð við ákvörðun atvinnuleysistryggingabóta samkvæmt 23. gr. laga nr. 64/1981 og við ákvörðun fæðingarorlofsgreiðslna samkvæmt 1. gr. laga nr. 97/1980, um breytingu á lögum um almannatryggingar. Verður því að ætla að þessi viðmiðunargrundvöllur hafi verið talinn nokkuð eðlilegur sem viðmiðun meðaltaxtakaups í landinu. Eini munurinn er sá að atvinnuleysisbætur og fæðingarorlofsgreiðslur fylgja hækkingun 8. launaflokks Verkamannasambands Íslands, en kaupgreiðsluvísitala frumvarpsins fylgir launahækkunum starfsheitisins „verkamenn í fiskvinnu“. Þetta starfsheiti er nú í 8. launaflokki.

Í öðru lagi felur þessi viðmiðun í sér starfsaldurshækkunarir og launaflokkatilfærslu þar sem hún er bundin við starfsheiti en ekki launaflokk. Þetta er mjög mikilvægt því að alltaf er nokkur launahækkun bundin við starfsaldurshækkunarir og launaflokkatilfærslur sem grunnkaupshækkunarir mæla ekki.

Í þriðja lagi er ein launaviðmiðunin miklu auðveldari í útreikningum en meðallaun þar sem tillit þarf að taka til fjölda í hverjum launaflokki og áætla vægi starfsaldurshækkana og launaflokkatilfærslu.

Á það verður þó að benda að því fylgir nokkur áhætta að miða eingöngu við eitt starfsheiti. Það er engan veginn víst að launahækkun verkamanna í fiskvinnu endurspegli almenna launaþróun í landinu. Á fskj. II má sjá að þessi taxti er rífleg meðallaun. Þess vegna er gert ráð fyrir að viðmiðunargrunnur þessi sé endurskoðaður reglulega með tilliti til þess hve vel þessi viðmiðun reynist.

Sú leið, sem lögð er til í þessu frumvarpi, þ. e. frestun á greiðslu þess hluta lánsins sem nemur mismun ákvæðinnar kaupgreiðsluvísitölu og lánskjaravísitölu, er ekki óþekkt annars staðar á Norðurlöndum. Svipuð leið hefur verið farin t. d. í Danmörku og Noregi. Í Danmörku er um að ræða lengingu lánstímans sem svarar þeim mismun sem verður þegar laun eru skert í hlutfalli við lánskjörin. Í Noregi miðast húsnæðislánin við að greiðslan fari ekki fram úr 20% af dagvinnutekjum iðnverkamanna og mismunur, sem hugsanlega skapast milli þeirrar greiðslu og lánskjara, greiðist á framlengdum lánstíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í útlánakjörum er nú bæði notuð lánskjaravísitala og byggingarvísitala. Þessi lagagrein felur í sér að frá gildistöku laganna verði ný verðtryggð lán miðuð við lánskjaravísitölu í lánsfjárviðskiptum innanlands. Gildir þetta t. d. um húsnæðislán, sbr. 30. gr. l. nr. 60/1984, lífeyrissjóðslán og bankalán.

Um 2. gr.

Hugtakið verðtryggð útlán skv. þessari grein tekur til allra verðtryggðra lána einstaklinga á innlendum lánsfjármarkaði, þar með talin húsnæðislán, lífeyrissjóðslán og bankalán.

Með útlánum til einstaklinga er átt við öll þau lán sem ekki eru tekin í nafni atvinnurekstrar eða með veldi í atvinnufyrirtækjum.

Við útreikning hvernar greiðslu skal aðeins taka tillit til hlutfallslegrar hækkunar viðmiðunarvísitalna frá því lánveiting átti sér stað þar til á gjalddaga hverju sinni. Þetta þýðir að ekki á að meta sveiflur í vægi hvernar viðmiðunarvísitölu milli gjalddaga.

Viðaukahöfuðstóll ber sömu vexti og verðtryggingu og upphaflegi höfuðstóllinn. Hann þarfnast ekki þinglýsingar og ber ekki heldur sérstakan lántökukostnað.

Þegar lánstími framlengist vegna viðaukahöfuðstóls þá skal ekki reikna viðaukahöfuðstól að nýju á framlengingartímabilinu, en greiðslur viðaukahöfuðstóls verða þó eigi hærri að raungildi en raungildi síðustu greiðslu vaxta, verðtryggingar og afborgunar af upphaflegum höfuðstól lánsins. Athuga skal að kaupgreiðsluvísitala miðast við starfsheiti en ekki launaflokk.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að eldri verðtryggð lán til eins árs eða lengur falli undir ákvæði þessara laga.

Verðtryggð lán, sem hafa eða eiga eftir styttri lánstíma en eitt ár og tekin hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, falla ekki undir þetta ákvæði til bráðabirgða.

Fylgiskjal I.

SEÐLABANKI ISLANDS
Hagfræðideild

29. janúar 1985

Vextir verðtryggðra útlana í % á ári.

Dagsetning gildistöku	----- Lágmarkslánstími (í dögum) -----						
	180	270	360	540	900	1440	1800
1 6 1979	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	2.0	2.0
1 7 1980	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	2.5	2.5
13 2 1981	0.0	0.0	0.0	0.0	2.5	2.5	2.5
21 4 1982	0.0	0.0	2.0	2.0	2.5	2.5	3.0
1 11 1982	0.0	2.0	2.0	2.0	2.5	2.5	3.0
15 4 1983	2.0	2.0	2.0	2.0	2.5	2.5	3.0
21 12 1983	2.0	2.0	2.0	2.0	3.5	3.5	4.0
21 1 1984	2.5	2.5	2.5	2.5	3.5	3.5	4.0
11 5 1984	4.0	4.0	4.0	5.0	5.0	5.0	5.0
20 8 1984 (*)	6.0	6.0	6.0	7.0	7.0	7.0	7.0
7 11 1984 (*)	7.0	7.0	7.0	8.0	8.0	8.0	8.0
1 1 1985	4.0	4.0	4.0	5.0	5.0	5.0	5.0

*) Gilti eingöngu um lán veitt fyrir 11. ágúst 1984. Um verðtryggð lán veitt á tímabilinu 11. ágúst - 31. des. 1984 giltu vextir sem innlánstofnanir auglýstu og geta því verið mismunandi milli innlánstofnana.

Fylgiskjal II.

29. janúar 1985
YÖK/GJ

Dæmi um greiðsluburði og greiðslufrest.
(Hér er um sama dæmi að ræða og er í greinar-
gerðinni með frv. á bls. 4, nema að hér er
öll lánfjarhæðin tengd lánskjarvísitölu).

	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)
	Eftirstöðvar eftir greiðslu		Greiðsla m.v.	Greiðsluburði	Þá hluti	Mánaðarlaun	(5) Upp-
	-----		lánskjara-	í mánaðar	greiðslu	skv. fisk-	safnað og
	An vísitölu	Með vísitölu	vísitölu	launum m.v.	sæm frest-	vinnutaxta	uppfært m.
			*)	fiskvinnutaxta	á er	efsta aldurs-	lánskj.v.t.
				efsta aldursþrep	**)	þrepi	***)
Lantaka 1.6.1979	120.000	120.000		4,3		1.955	
1.gjaldd. 1.6.1980	114.000	182.400	13.440	4,5	756	2.952	756
2.gjaldd. 1.6.1981	108.000	246.600	21.565	4,9	2.581	4.790	3.739
3. " " 1982	102.000	366.180	31.450	4,9	3.646	6.471	9.124
4. " " 1983	96.000	629.760	59.434	5,8	15.082	10.322	31.755
5. " " 1984	90.000	796.500	82.836	6,6	28.992	12.532	71.832
6. " " 1985****)	86.000	952.896	128.587	8,6	64.663	14.878	156.738

*) Greiðslan, þ.m.t. vextir aftöngun og vísitala eins og veri ef ekki veri um viðmiðun við launvísitölu að ræða. Vextir fylgja hér auðglostum vaxtum Seðlabanka á hverjum tíma.

***) Greiðslan sem sýnd er í (3) myndi lækka um þessa fjárhæð ef um viðmiðun við launvísitölu væri að ræða.

****) Þær fjárhæðir sem eru í dálk (5) eru hér samsafnaðar og uppfærðar með lánskjarvísitölu, hér er í raun staðan á einhverju sem kallað er milli viðaukalan.

*****) Byggt á spá um lánskjarvísitölu fyrir 1985 og að vextir standi óbreyttir frá 1.1.1985 (5%) og að ekki verði frekari launshækkunir en kveðið er á í nógildandi kjarasamningum.

Fylgiskjal III.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

Þróun lánskjaravísitölu 1.6.79 til 1.12.85 í samanburði við
vístölu þróun fiskvinnutaxta, efsta aldursþrep.

Lánskjaravísitala	x 100=Greiðslubyrðarvísitala			
Kauptaxtavísitala	Kauptaxtar launþega	Visitala fisk- vinnutaxta, efsta aldursþrep	Lánskjara- vísitala	Greiðslubyrðar- vísitala m.v fiskvinnutaxta
Arið 1979				
Juni	100.0	100.0	100.0	-
Juli	101.7	102.0	103.0	101.0
Agust	101.7	102.0	107.0	104.9
September	111.0	112.0	113.0	100.9
Oktober	111.0	112.0	118.0	105.4
November	111.0	112.0	122.0	108.9
Desember	125.7	127.0	130.0	102.4
Arið 1980				
Januar	125.7	127.0	135.0	106.3
Februar	125.7	127.0	139.0	109.4
Mars	134.0	135.0	143.0	105.9
April	134.0	135.0	147.0	108.9
Mai	134.0	135.0	153.0	113.3
Juni	149.7	151.0	160.0	106.0
Juli	149.7	151.0	167.0	110.6
Agust	151.1	151.0	172.0	113.9
September	164.0	164.0	178.0	108.5
Oktober	166.0	166.0	183.0	110.2
November	176.5	180.0	191.0	106.1
Desember	193.6	197.0	197.0	-
Arið 1981				
Januar	194.6	197.0	206.0	104.6
Februar	194.6	197.0	215.0	109.1
Mars	206.2	209.0	226.0	108.1
April	206.3	209.0	232.0	111.0
Mai	206.3	209.0	239.0	114.4
Juni	223.1	226.0	245.0	108.4
Juli	223.1	226.0	251.0	111.1
Agust	223.1	226.0	259.0	114.6
September	243.0	246.0	266.0	108.1
Oktober	243.0	246.0	274.0	111.4
November	251.6	254.0	282.0	111.0
Desember	276.6	279.0	292.0	104.7
Arið 1982				
Januar	277.5	279.0	304.0	109.0
Februar	277.5	279.0	313.0	112.2
Mars	298.6	300.0	323.0	107.7
April	298.6	300.0	335.0	111.7
Mai	298.6	300.0	345.0	115.0

	Kauptaxtar launþega	Visitala fisk- vinnutaxta, efsta aldursþrep	Lanskjara- visitala	Greiðslubyrðar- visitala m.v fiskvinnutaxta
Juni	331.0	331.0	359.0	108.5
Juli	344.8	360.0	373.0	103.6
Agust	349.4	360.0	387.0	107.5
September	382.4	387.0	402.0	103.9
Oktober	382.4	387.0	423.0	109.3
November	382.4	387.0	444.8	114.7
Desember	411.9	417.0	471.0	112.9
Arið 1983				
Januar	420,0	426.0	488.0	114.6
Februar	420.0	426.0	512.0	120.2
Mars	485.7	489.0	537.0	109.8
April	485.7	489.0	569.0	116.4
Mai	485.7	489.0	606.0	123.9
Juni	525.1	528.0	656.0	124.2
Juli	525.1	528.0	690.0	130.7
Agust	525.1	528.0	727.0	137.7
September	546.1	528.0	786.0	148.9
Oktober	546.1	549.0	797.0	145.2
November	546.1	549.0	821.0	149.5
Desember	546.1	549.0	836.0	152.8
Arið 1984				
Januar	546.1	549.0	846.0	154.1
Februar	553.8	575.0	850.0	147.8
Mars	580.3	629.0	854.0	135.8
April	580.5	629.0	865.0	137.5
Mai	580.5	629.0	879.0	139.7
Juni	591.9	641.0	885.0	138.1
Juli	592.3	641.0	903.0	140.9
Agust	592.3	641.0	910.0	142.0
September	599.7	641.0	920.0	143.5
Oktober	599.7	641.0	929.0	144.9
November	668.8	699.0	938.0	134.2
Desember	685.8	699.0	959.0	137.2
Arið 1985				
Januar	705.9	724.0	1006.0	139.0
Februar	705.9	724.0	1050.0	145.0
Mars	716.6	742.0	1076.0	145.0
April	716.6	742.0	1101.0	148.4
Mai	736.7	761.0	1117.0	146.8
Juni	736.7	761.0	1134.0	149.0
Juli	736.7	761.0	1151.0	151.2
Agust	736.7	761.0	1164.0	153.0
September	736.7	761.0	1176.0	154.5
Oktober	736.7	761.0	1185.0	155.7
November	736.7	761.0	1194.0	156.9
Desember	736.7	761.0	1201.0	157.8

Með „kauptöxtum launþega“ er átt við meðaltalstaxta verkamanna, verkakvenna, iðnaðarmanna, verslunar- og skrifstofufólks, ASÍ-landverkafólks og opinberra starfsmanna. Athygli skal vakin á því að tölur frá mars 1985 eru spá.